

Sp.

78. Tillaga til þingsályktunar

[76. mál]

um endurreisn Viðeyjarstofu.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Friðrik Sophusson,
Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram,
Haraldur Ólafsson, Kjartan Jóhannsson, Sigríður
Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eyinni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Byggingin verði færð í upprunalegt horf en að því stefnt að þar megi stunda veitingarekstur og ráðstefnuhald. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Þá verða tvær aldir liðnar frá því að höfuðborg Íslands fékk kaupstaðarréttindi. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga 1985.

Greinargerð.

„Viðey á engan sinn líka sunnan lands. Þar er gnótt af kjarnmiklu grasi, og er hægt að fódra þar fjölda kúa, kinda og hesta. Aragrúi er þar villtra fugla, eggjataka og æðardúnn. Í fjörunni er kræklingur og gnótt hrognkelsa, flyðru og annarra sjófiska uppi undir landsteinum. Eyjan liggur uppi undir landi, innanskerja að kalla má, svo að sjór er þar oftast kyrr.“

Þannig lýsir Eggert Ólafsson Viðey í Ferðabók sinni. Eyjan var kostaland og höfuðdjásn í landnámi Ingólfs. Hún hefur komið við sögu ýmissa merkisviðburða þjóðarsögunnar. Þar var að frumkvæði Þorvalds, föður Gizurar jarls, efnt til klausturhalds árið 1226. Hést svo fram undir siðaskipti. Viðeyjarklaustur var vígt Ágústínusarreglu (svartmunka) og voru siðir þess sóttir til heilags Ágústínusar kirkjuföður (d. 430).

Samkvæmt fornum máldögum var Viðeyjarklaustur auðugast hinna níu klaustra á Íslandi í kaþólskum sið. Helstu bújarðir, þar sem nú standa Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes og Mosfellssveit, heyrðu klaustrinu til. Þegar Danakonungur sölsaði undir sig eignir klaustranna í skjóli siðbótar reyndust þær vera 556 jarðir, þar af 116 í eigu Viðeyjarklausturs. Þar var því mikill auður í bú.

Meðal sögufrægra ábóta, sem setið hafa Viðey, má nefna Ögmund Pálsson, seinasta Skálholtsbiskupinn í kaþólskum sið. Við siðaskiptin dró til tíðinda í Viðey þegar Jón biskup Arason á Hólum flæmdi hirðstjóra Dana, Laurentíus Mule, burt úr eyinni og orti af því tilefni:

Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur
— víða trúí ég hann svamli, sá gamli.
Við Dani var hann djarfur og hraustur.
Dreifði þeim á flæðarflaustur
með brauki og bramli.

Upp úr siðaskiptum lagðist af klausturhald í Viðey. Fer eftir það fáum sögum af staðnum í tvær aldir þangað til Skúli landfógeti settist þar að og gerði garðinn frægan á ný.

Skúli valdi „Innréttingunum“ samastað í „Hólminum“ þar sem nú heitir Reykjavík. „Var þar eigi önnur bygging fyrir en bæjarhús nokkur og hrörlegir moldarkofar,“ segir Jón Aðils í sögu Skúla fógeta.

„Stofnanir Skúla fógeta voru fyrsti vísir Reykjavíkurbæjar. Mætti því vel telja hann annan höfund Reykjavíkur, sé Ingólfur talinn fyrstur,“ segir Jón Aðils. Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar.

Fyrir skömmu eignaðist Reykjavíkurborg bróðurpart eyjarinnar. Í borgarstjórn eru uppi hugmyndir um að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Er það vel til fundið. Viðeyingafélagið og Snarfari, félag skemmtibátaeigenda, njóta nú þegar nokkurrar aðstöðu í eyinni.

Sjálf Viðeyjarstofa og nokkur landspilda umhverfis hana er hins vegar ríkiseign. Viðeyjarstofa er í umsjá þjóðminjavarðar og miðar hægt endurreisn stofunnar. Fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu vakir að hraða þessu endurreisnarstarfi enda verði veittir til þess nauðsynlegir fjármunir á fjárlögum 1985 og 1986.

Þann 18. ágúst 1986 verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Af því tilefni væri við hæfi, þótt seinna komi til ákvörðunar, að íslenska ríkið færi höfuðborg sinni að gjöf eignarhluta sinn í Viðey og endurreisa Viðeyjarstofu til minningar um Skúla fógeta, föður Reykjavíkur.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Reykjavík, 21. ágúst 1984.

Þingmenn Reykjavíkur
Jón Baldvin Hannibalsson og
Jóhanna Sigurðardóttir,
Alþingi,
Reykjavík.

Ég leyfi mér að færa ykkur sérstakar þakkir fyrir þá tillögu til þingsályktunar nr. 770 sem þið fluttuð á síðasta löggjafarþingi íslensku þjóðarinnar.

Ber þar tvennt til. Um er að ræða hið merkasta mál sem tímabært var að hreyfa enda er ekki vansalaust með hvaða hætti hefur verið staðið að endurreisn Viðeyjarstofu, einnar sögumerkustu byggingar hér á landi. Í annan stað er tilefni til að þakka sérstaklega þann vinarhug í garð höfuðborgarinnar sem í þingsályktunartillögunni felst.

Tillaga ykkar hefur ekki verið rædd með formlegum hætti í borgarráði eða borgarstjórn en ég þykist þó mega fullyrða að borgarstjórnin öll mundi fagna því mjög ef Alþingi bæri gæfu til að samþykkja tillöguna verði hún endurflutt á næsta þingi sem vonir hljóta að standa til.

Davíð Oddsson.

Fylgiskjal II.

UM VIÐEYJARKIRKJU
eftir Eggert Ólafsson.

Þú ert orðin fjalafá,
fúinn sérhver raftur.
Hvað mun dagurinn heita sá
er hefst þín bygging aftur?

(Eggert Ólafsson. Kvæði. bls. 196).

Fylgiskjal III.

VÍSUR UM HÚSIÐ Í VIÐEY
eftir Þorberg Jónsson Isenfeld (Lbs. 162, 8^{vo}, bls. 57).

Hjer er verið hús að byggja,
af höldum kuldann tekur senn.
Að því gera allir hyggja
aðkomandi og heimamenn.
Með steinum múrs er stofnað nett,
strax á eftir kalki slett.
Musteri slíkt af manna höndum
mun ei sjást á Norðurlöndum.

Álnir mælast alt í kringum
eitt smátt hundrað sex og tvær.
Ramlega bygt af rekkum slingum
reiknast furðuverki nær.
Stafir sjö skulu standa þar
og sterkmúraðir skorsteinar.
Hæð á múrum höldar inna
heilar sjö en ekki minna.

Kakalóna kappar brúka
kátir öllum stofum í.
Upp úr þeim skal ætíð rjúka,
svo enginn fái grand af því.
Hitinn gleður hólða líf,
hressir þjáða menn og víf.
Bæði má þar brugga og sjóða
brennivín og rjetti góða.